

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Hildigunnar Gunnarsdóttur, kr. 345.450, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Herði Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 302.500 í talsmannslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 63/1982. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jónasi Kristjánssyni

(Skúli Pálsson hrl.).

Ærumeiðingar. Brot gegn 108. gr. alm. hegningarlaga. Birting dóms. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1982 að ósk ákærða, en jafnframt var af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ágrip barst Hæstarétti 14. maí 1982.

Af ákærða hálfu er krafist sýknu, en til vara lægstu refsingar. Verjandi ákærða mótmælti því, að krafa um birtingu dóms skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1956 næði fram að ganga, annars vegar vegna þess, að skilyrði lagagreinarinnar um kröfu þess, sem misgert er við, sé ekki fullnægt, og hins vegar þess, að Dagblaðið sé ekki lengur til og ákærði sé nú starfsmaður allt annars aðilja.

Í ákæruskjali segir svo: „Greinarnar í heild svo og rammafyrir-sögnin á forsiðu þykja fela í sér bæði móðgandi og ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna á Íslandi í heild, en þó einkum í garð lögreglumanna í Reykjavík í sambandi við framkvæmd lög-gæslustarfa ...”. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að það teldi hinar móðgandi og æru-meidandi aðdróttanir, sem ákært er út af, hafa beinst að lögreglunni í Reykjavík sem stofnun eigi síður en að ótilteknum lögreglumönnum.

Svo sem ákæru er háttað og greinir hér að framan, verður að telja, að samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 verði ákærði eigi dæmdur í þessu máli fyrir móðgandi eða ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglunnar í Reykjavík sem stofnunar eða yfirstjórnar hennar. Verður mál þetta því dæmt á þeim grundvelli, sem lagður er í ákæruskjali, að ávirðingar þær, sem ákært er út af, hafi beinst að ótilteknum starfs-mönnum í lögregluliði Reykjavíkur, en ekki lögreglunni í Reykja-vík.

Með þesari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til for-sendna ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarmat, ábyrgð ákærða samkvæmt lögum nr. 57/1956 og refsingu.

Svo sem að framan greinir, er ákæra takmörkuð við brot gegn persónulegri æru ótiltekins fjölda lögreglumanna í Reykjavík, en ekki gegn lögreglunni í Reykjavík sem þjóðfélagsstofnun. Þar sem ekki hefur komið fram krafa frá þeim, sem misgert er við, samkvæmt 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, en Lögreglufélag Reykjavíkur, upphaflegur kærandi máls þessa, kemur fram fyrir hönd þeirra félaga sinna, sem veist var að, verður að sýkna ákærða af kröfu ákæruvalds um, að honum verði dæmt skylt að birta for-sendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í Dagblaðinu. Er því ekki nauðsynlegt að fjalla um aðra sýknuástæðu ákærða út af þessum ákærulið.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknar-laun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jónasar Kristjánssonar, og um sakarkostnað skulu öröskuð.

Ákærði skal sýkn af kröfu ákæruvalds um birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu í Dagblaðinu.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og
Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.**

Greinar þær, sem birtust í Dagblaðinu hinn 14. febrúar 1981 og eru tilefni ákæru í máli þessu, eru að efni til og í öllum aðalatriðum frásögn af andmælum manns, sem grunaður var um ölvunarakstur, við kröfu lögreglumanna um töku blóðsýnis svo og af viðbrögðum ákveðinna lækna af því tilefni. Í greinum þessum og fyrirsögnum þeirra koma jafnframt fram hugleiðingar og að vissu marki getgátur um gildi blóðsýna sem sönnunargagna í refsimálum, um hugsanlegt misferli í meðferð blóðsýna og um möguleika á því, að lögregla leggi einhverja menn í einelti.

Fallast má á, að umræddar greinar séu með nokkrum æsibrag. Ekki er hins vegar um að ræða ásakanir blaðsins á hendur lögreglunni eða lögreglunni í Reykjavík í heild og ekki heldur tilteknum lögreglumönnum. Með hliðsjón af efni umræddra fyrirsagna og greina í heild verður ekki talið, að þar sé svo langt gengið, að varði við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem skýra ber með hliðsjón af grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að sýkna beri ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 36/1982: Ákærvaldið gegn Jónasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 17. september sl., á hendur ákærða, Jónasi Kristjánssyni, áður ritstjóra og ábyrgðarmanni Dagblaðsins, til heimilis að Fornuströnd 2 á Sel-tjarnarnesi, fæddum 5. febrúar 1940 í Reykjavík.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að birta í 38. tölu-blaði, 7. árgangs Dagblaðsins, sem út kom laugardaginn 14. febrúar 1981, tvær greinar á 5. síðu blaðsins, auðkenndar A. St., annarsvegar með yfirskriftinni „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?“ og hins vegar grein í viðtalsformi með yfirskriftinni „Læknir á Borgarspítalanum segir: „Sjúklingurinn kvaðst hundeltur““ og rammafyrirsögn á forsiðu, þar sem vísað var til fyrrgreindra greina með svofelldum hætti: „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? — læknir neitaði að láta taka sér blóð af ótta við föslun og kvaðst ofsóttur af lögreglu“. Greinarnar í heild svo og rammafyrirsögnin á forsiðu þykja fela í sér bæði móðgandi og ærumeiðandi aðdróttanir í garð lögreglumanna á Íslandi í heild, en þó einkum í garð lögreglumanna í Reykjavík, í sambandi við framkvæmd lög-gæslustarfa, en þó einkum eftirgreindir þættir greinanna:

I. Fyrrgreind rammafyrirsögn á forsiðu: „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? — læknir neitar að láta taka sér blóð af ótta við föslun og kvaðst ofsóttur af lögreglu“.

II. Fyrirsögn fyrri greinarinnar á 5. síðu: „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?“

III. Upphaf fyrri greinarinnar á 5. síðu: „Er hugsanlegt að lögreglan „hundelti“ menn t. d. í því skyni að fá þá dæmda fyrir ölvun við akstur. Er hugsanlegt að í blóðsýni, sem tekin eru úr mönnum vegna „gruns“ um ölvun við akstur, sé bætt alkóhóli áður en þau eru efnagreind og niður-stöður lagðar fram sem sönnunargögn í kærumáli fyrir dómstól?“

IV. Hluti fyrirsagnar seinni greinarinnar á 5. síðu: „Sjúklingurinn kvaðst hundeltur“.

V. Kafli í heild í seinni greininni, sem ber millfyrirsögnina „Hundeltur“

VI. Hluti síðustu málsgreinar í seinni greininni, þar sem segir: „Er í raun og veru um svona flaustursleg vinnubrögð að ræða og hafa lögreglu-menn í raun möguleika á að „hefna sín“ eða koma hinum og þessum saklausum í stórar sektir og ökuleyfissviptingu“.

Þess er krafist:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar.
2. Að ákærða verði dæmt skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms í máli þessu í Dagblaðinu, fyrsta eða öðru tölublaði, sem út kemur eftir að dómur hefur verið birtur ákærða, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

3. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákærði, Jónas Kristjánsson, var ritstjóri og ábyrgðarmaður Dagblaðsins, sem var gefið út hér í borginni og síðast kom út 25. nóvember sl. Í 38. tölublaði, 7. árgangs blaðsins, sem út kom laugardaginn 14. febrúar sl., birtust tvær greinar á 5. síðu blaðsins, auðkenndar með stöfunum A. St., annars vegar með yfirskriftinni „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð?" og hins vegar grein í viðtalsformi með yfirskriftinni „Læknir á Borgarspítalanum segir: „Sjúklingurinn kvaðst hundeltur" og rammafyrirsögn á forsiðu, þar sem vísað var til fyrrgreindra greina með svofelldum hætti: „Hundeltir lögreglan menn og eru blóðsýni fölsuð? —læknir neitaði að láta taka sér blóð af ótta við fölsun og kvaðst ofsóttur af lögreglu".

Greinar þessar eru ritaðar vegna handtöku læknis nokkurs, sem ekki er nafngreindur, og viðskipta hans við lögregluna í Reykjavík vegna gruns um ölvunarakstur af hans hálfu.

Í fyrri greininni er fjallað um þann möguleika, að bætt sé í blóðsýni alkóhóli, áður en þau eru efnagreind, og að lögreglan hundelti menn til þess að fá þá dæmda fyrir ölvun við akstur.

Í síðari greininni er viðtal við Rögnvald Þorleifsson, lækni á slysadeild Borgarspítalans, en hann átti hlut að því, að lögreglunni var neitað um, að tekið yrði blóð úr hinum handtekna lækni. Var ástæðan sú, að hann taldi sig hafa fengið hjartakast, og töldu læknar slysadeildinnar, sem höfðu afskipti af honum, hættu samfara blóðtökunni af þessum sökum.

Hinn 8. febrúar sl. ritaði Svala Thorlacius héraðsdómslögmaður ríkissaksóknara bréf og skýrði frá því, að til hennar hefði leitað stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur og falið henni að óska eftir því, að fram færi opinber rannsókn vegna skrifa þessara, en í viðtalinu við Rögnvald lækni kæmu fram grófar ásanir, dylgjur og aðdróttanir í garð lögreglumanna og teldi stjórn félagsins ópolandi, að stéttin lægi undir slíkum ærumeiðingum í einu viðlesnasta blaði landsins og bæri brýna nauðsyn til, að hún yrði hreinsuð af þessum áburði.

Með bréfi, dagsettu 24. febrúar sl., sendi ríkissaksóknari rannsóknarlögreglustjóra ríkisins beiðni um rannsókn á ætluðu broti Rögnvalds læknis eða ábyrgðarmanna Dagblaðsins gegn 108. gr. almennra hegningarlaga vegna greina þessara.

Ákærði skýrði svo frá, að tilefni þess, að umræddar greinar birtust, hefði verið það, að Rögnvaldur læknir hefði hringt til sín og vakið athygli sína á tilteknum áhyggjuefnum, sem hann hefði í sambandi við meðferð ölvunaraksturamála, þ. e. sérstaklega varðandi töku blóðsýna og meðferð þeirra. Kvað ákærði Rögnvald hafa sérstaklega vakið athygli á frétt eða fyrirsögn, sem birtist í Dagblaðinu 6. desember 1980, en þar skýrði blaðið frá handtöku áðurgreinds læknis undir fyrirsögninni: „Lögreglu neitað um blóðsýni meints lögbrjóts”.

Ákærði kvaðst í framhaldi af samtalinu við Rögnvald hafa falið Atla Steinarssyni blaðamanni nánari úrvinnslu málsins með tilliti til birtingar fréttar eða frásagnar um það í Dagblaðinu. Kvaðst ákærði hafa fylgst með þeirri úrvinnslu og verið kunnugt um frágang efnisins í aðalatriðum, áður en það birtist í blaðinu 14. febrúar. Tók ákærði einnig fram, að honum hefði verið í meginatriðum kunnugt um efni fyrirsagnanna, sem birtust með fréttum og frásögn blaðsins af þessu tilefni. Kvað ákærði fréttina að efni til í samræmi við það, sem Rögnvaldur hefði sagt sér í áðurgreindu símtali. Benti ákærði á, að Rögnvaldur hefði síðar ritað grein í Morgunblaðið, þar sem svo virtist, að því væri haldið fram, að rangt hefði verið eftir honum haft.

Atli Steinarsson, blaðamaður við Dagblaðið, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að upphaf umræddra greina væri handtaka margnefnds læknis, en ákærði hefði vakið athygli á því, að Rögnvaldur læknir hefði haft símasamband við sig og vakið athygli á málinu og sett fram ný málatriði. Atli sagði, að framhald þessa hefði síðan verið það, að hann hefði átt viðtal við lækinn í síma í a. m. k. 20 mínútur. Kvaðst Atli hafa punktað niður eftir læknum og það, sem fram kæmi í grein þeirri, sem hann hefði ritað 14. febrúar, væri efnislega rétt eftir læknum haft, þar sem það ætti við. Kvaðst Atli hafa samið fyrirsagnirnar, en fréttastjóri hefði útbúið forsiðufyrirsögn, sem væri eins.

Rögnvaldur læknir skýrði svo frá í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að ekkert af því, sem blaðamaðurinn segði í greininni 14. febrúar, væri orðrétt eftir honum haft, þótt sitt hvað væri þar að finna, sem efnislega væri í samræmi við það, sem hann hefði sagt honum. Þá tók lækinn fram, að grunsemdir um óheiðarlega breytni lögreglumanna í þessu tilviki hefði hann eftir hinum handtekna lækni og hefði hann tekið það svo skýrt fram, að það hefði ekki getað misskilist. Kvaðst Rögnvaldur í engu tilviki hafa staðhæft, að lögreglumenn hefðu gerst brotlegir við lög.

Fram fór á vegum rannsóknarlögreglu ríkisins rannsókn á því, hvort slíkir hlutir hefðu gerst, sem ummælin lúta að. Kom í ljós, að lögreglan hefur í fáein skipti haft afskipti af umræddum lækni vegna gruns um, að hann hefði gerst sekur um umferðarlagabrot, þ. á m. ölvunarakstur. Verð-

ur ekki séð, að neitt hafi verið við þessi afskipti lögreglunnar, sem réttlæti aðdróttanir þær í garð hennar, sem ákært er fyrir. Þá hefur ekki heldur komið í ljós eitt eða annað, sem bendi til gruns um, að lögreglan hafi gerst sek um að bæta alkóhóli út í blóðsýni.

Þeir þættir greinanna, sem ákært er fyrir í máli þessu, þykja fela í sér mjög alvarlegar aðdróttanir á hendur lögreglumönnum hér á landi í heild og þá sérstaklega lögreglumönnum í Reykjavík, sem afskipti höfðu af máli því, sem leiddi til skrifa þeirra, sem ákært er fyrir, en með ummælum þessum er verið að gefa í skyn, að einhverjir í hópi þeirra hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi í starfi sínu í því skyni að fá saklausa menn dæmda seka. Koma í þessu efni til álita 148. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, en viðurlög við brotum á þeim greinum geta varðað langri fangelsisvist.

Verður að telja ummæli þessi öll, bæði ein sér og í samhengi við annað, sem fram keumur í greinunum, miða að því að ófrægja störf lögreglunnar. Eru þau eigi réttlætt af hálfu blaðsins.

Með framangreindum ummælum er ekki sveigt að einum ákveðnum lögreglumanni öðrum fremur, heldur eru ummælin um lögregluna almennt. Enda þótt ákvæði 108. gr. fjalli um misgerð gagnvart einum opinberum starfsmanni, þykja þau einnig ná til þess, ef afmörkuðum hópi opinberra starfsmanna er misgert með þeirri háttsemi, sem greinin fjallar um.

Ákærði var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins, þegar ummælin birtust, og ber því samkvæmt 15. gr. prentлага nr. 57/1956 ábyrgð á þeim, enda þótt undir greinunum séu upphafsstafir þess, er ritaði þær og hann kannist við að hafa gert það. Þá vissi ákærði í meginatriðum um frágang efnisins, og er honum birting þess því eigi ósaknæm. Telst ákærði brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um brot á hegningarlögum, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Eins og fram kemur hér að framan, hætti Dagblaðið að koma út 25. nóvember sl., en þann dag kom út síðasta tölublað þess. Næsta dag kom út blað, sem heitir Dagblaðið & Vísir, gefið út af Frjálsri fjölmiðlun h/f. Frá sama tíma hefur Vísir ekki komið út heldur sem sjálfstætt blað.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist samkvæmt 22. gr. laga um prent-rétt, að forsendur og niðurstöður dóms þessa skuli birta í fyrsta eða öðru tölublaði Dagblaðsins, sem út komi, eftir að dómur hefur verið birtur ákærða.

Enda þótt Dagblaðið komi ekki lengur út eitt sér eins og áður, verður að líta svo á af heiti hins nýja blaðs, að Dagblaðið & Vísir hafi runnið saman í eitt blað, en ákærði er annar ritstjóra þess. Þykir þessi breyting því ekki standa í vegi fyrir því að skylda ákærða samkvæmt áðurgreindri 22. gr. prentлага til þess að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði hins nýja blaðs, sem út kemur, eftir að dómur hefur verið birtur ákærða.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Kristjánsson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er skylt að birta forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Dablaðsins & Vísis, sem út kemur, eftir að dómur þessi hefur verið birtur ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Miðvikudaginn 19. janúar 1983.

Nr. 2/1983. **Ómar Egilsson**

gegn

Katrínu Valentínusdóttur.

Kærumál. Búskipti. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 7. desember 1982, er barst Hæstarétti 4. janúar 1982, hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar 25. nóvember 1982.